



//Á döfinni//

...:Árshátíð:...:

Árshátíð skólans fer fram föstudagskvöldið 28. mars og hefst kl. **20:00**. Að venju munu nemendur sýna leikþætti og söng. Aðgangseyrir styrkir útskriftarferð nemenda í 10. bekk. Endilega takið með ykkur gesti og njótið góðrar skemmtunar sem nemendur hafa lagt mikinn metnað í að æfa og setja á svið. Skólabílar sækja nemendur sem eiga að vera mættir kl. **19:30**. Þeir fara síðan heim með foreldrum að árshátíð lokinni.

Skólablaðið Varðan verður seld á staðnum og 10. bekkur býður upp á kaffiveitingar að skemmtiatriðum loknum.

...:Viðvera styttest:...:

Þann 24. mars næstkomandi styttest viðvera nemenda um eina kennslustund á mánuðögum og eina á föstudögum.



...:Sameiginlega árshátíðin:...:

Sameiginleg árshátíð skólanna í Rangárvallasýslu auk skólanna á Klaustri og í Vík verður haldin á Hellu þann 10. apríl. Hátíðin hefst klukkan 20:00 og stendur 24:00. Lagt verður af stað frá Laugalandi kl 19:30 og skólabílar keyra svo heim að skemmtun lokinni.

...:Páskafrí:...:

Nemendur 7. –10. bekkja fara í páskafrí eftir sameiginlegu árshátíðina en nemendur í 1.-6. bekk fara í páskafrí að loknum skóladegi þann 11. apríl.

Starfsdagur kennara er þriðjudaginn 22. apríl en nemendur mæta í skólann samkvæmt stundatöflu miðvikudaginn 23. apríl.



// Fréttir frá Laugalandsskóla//

...:Listahátíð skólanna þriggja:...:

Fimmtudaginn 6. feb. sl. var haldin listahátíð á Hvolsvelli fyrir unglunga úr Hvolsskóla, Grunnskólanum Hellu og Laugalandsskóla. Hátíðin stóð frá kl. 13:30-19:30 og hófst á því að nemendur tóku þátt í tveimur listasmiðjum. Þeir höfðu val um tónlistarsmiðju,



grímugerð, matargerð, myndlist og skartgripagerð. Hver smiðja tók einn og hálfan tíma og var boðið upp á kaffi á milli þeirra. Skemmst er frá því að segja að krakkarnir voru mjög ánægðir með smiðjurnar og kom margt skemmtilegt út úr þeirri vinnu.

Eftir að smiðjuvinnunni lauk var skemmtidagskrá, þar sem hver skóli kom með sín atriði. Stóðu allir sig ljómandi vel og var þetta hin besta skemmtun. Nemendur úr Laugalandsskóla fluttu tvö lög og tókst flutningur þeirra mjög vel. Listahátíðinni lauk svo með pizzuveislu og balli. Allir komu heim með bros á vör eftir ánægjulegan dag.

...:Björk Jakobsdóttir og Menntalestin:...:

Verkefnið Menntalestin á Suðurlandi býður grunnskólum nú í vetur upp á leiklistarkennslu. Það er leikkonan og leikstjórinn Björk Jakobsdóttir sem stýrir kennslunni en hún mætti til okkar fimmtudag einn, nú í lok febrúar þar sem hún kenndi bæði nemendum og kennurum áhugaverða tækni og æfingar sem þjálfaleiklist. Óhætt er að



segja að mjög vel hafi tekist til og voru nemendur opnir og áhugasamir fyrir leiðbeiningum hennar og til urðu mörg nýttin örleikrit.

Kennarar fengu líka sína kennslu og mun það án efa nýtast okkur við uppsetningu leikrita í tengslum við jól og árshátíð í framtíðinni.



...:Spilavist:...:

Fimmtudaginn 20. febrúar var haldin spilavist í skólanum. Nemendur úr 5. – 10. bekk spiluðu á átta borðum. Allir bekkir höfðu fengið undirbúning fyrir spiladaginn svo keppnin var bæði jöfn og spennandi.

Fjórir strákar urðu jafnir og efstir með 85 stig, en það var síðan Eiður Benediktsson í 9. bekk sem sigraði eftir útdrátt. Sigrún Birna P. Einarsson í 10. bekk varð sigursælust hjá stelpunum með 86 stig. Tveir nemendur fengu örliðlar sárabætur fyrir hvað þeir voru óheppnir í spilunum og geta síðan líka huggað sig við orðatiltekið góða; – óheppnir í spilum, heppnir í ástum.



...: Sumardagurinn fyrsti:...

Sumardagurinn fyrsti er þann 24. apríl og þann dag er frí í skólanum.

**...: Gestakennari:...**

Skólinn fær góðan gest í lok mars en gestakennari kemur frá Norður Dakóta þann 30. mars og verður út þá viku. Hann heitir Dakota Good House og er sagnfræðingur. Hann mun veita okkur innsýn í menningu indjana í sínu heimahéraði.

**...: Sund :...**

Sundkennslan byrjar aftur þann 24. mars. Við hvetjum foreldra til að athuga með sundfötin og nú er gerð krafa á sundboli eða sundtoppa hjá stúlkum í stað bikini baðfata. Eins er mjög gott ef nemendur eiga sundgleraugu að þeir hafi þau með.

**...: Myndir á heimasíðu :...**


Við viljum benda foreldrum og öðrum á að margar skemmtilegar myndir frá skólastarfinu eru aðgengilegar á heimasíðunni.



Myndaalbúm

...: Skíðaferð :...

Nemendur í 4. - 10. bekk fóru í skíðaferð í Bláfjöll með Maríu, Regúlu og Sigurjóni þann 11. febrúar síðastliðinn. Veðrið var hvassara en spáin sagði til um og voru því okkar nemendur einir í Bláfjöllunum þennan dag, engar raðir í lyftur og allir þekktu alla. Krakkararnir voru duglegir að renna sér bæði í barnabrekkunum sem og brekku sem nefnd er „Mikki refur“. Allir yngri nemendurnir náðu



þeirri færni sem þurfti til að njóta dagsins á skíðum í botn. Skíðaferðin tókst því á allan hátt mjög vel, nemendur komu heilir heim en þreyttir og ánægðir með góðan dag í Bláfjöllum.

...: Glímuferð :...

Miðvikudaginn 5. febrúar fór vösk sveit nemenda úr skólanum á Grunnskólamót Suðurlands í glímu sem haldið var í Reykholti. Mótið hófst klukkann 11:00 og keppt var í hverjum bekk fyrir sig frá 5.-10. bekk á fjórum dýnum. Í 6. bekk stúlkna náði Hildur Jónsdóttir öðru sæti og Sigurlín Franziska Arnarsdóttir sigraði í 7. bekk stúlkna á meðan Jana Lind deildi sigurverðlaunum í 8. bekk. Annika Rut Arnarsdóttir sigraði síðan í 9. bekk og Halla Rún Erlingsdóttir lenti í þriðja sæti. Hjá strákom komst einungis Eiður Helgi Benediktsson á pall en hann sigraði í 9. bekk drengja. Einnig er keppt um farandbikar í sameiginlegum árangri 5.-7. og 8.-10. bekk drengja og stúlkna og að þessu sinnu kom upp sú óvenjulega staða að Laugalandsskóli og Grunnskóli Bláskógarbyggðar deildu sigrinum í flokki 8.-10. bekk stúlkna. Glíman er mikið stunduð við skólann undir



styrkri stjórn Kristins Guðnasonar og gaman verður að sjá hvernig þeim nemendum sem sigruðu í sínum

bekkjarárgöngum gengur á Grunnskólamóti Íslands sem haldið verður þann 5. apríl í Reykjavík.

...: Nýjar smásjár :...

Nú nýlega festi skólinn kaup á nýjum smásjám sem nýttast í náttúrufræðikennslunni enda voru þær sem skólinn átti fyrir, komnar talsvert til ára sinna. Thelma kennari hefur nú þegar tekið þær nýju í notkun og hafa nemendur verið að læra á tækin og um leið skoðað margskonar efnivið, allt frá bananamauki og grasi til frumna í munn. Í næstu viku er ætlunin að skoða þöruna.

